

Mánudagur, 13. október 2008

Ákvörðun nr. 56/2008

Samruni VST-Rafteikningar hf., Fjarhitunar hf., Fjölhönnunar ehf. og RT ehf.

I.

Með bréfi Gunnars Sturlusonar hrl., dags. 3. október 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna VST-Rafteikningar hf. (VST-RAF), Fjarhitunar hf. (Fjarhitun), Fjölhönnunar ehf. (Fjölhönnun) og RT ehf. (RT) sbr. 17. gr. samkeppnislaga (hér eftir nefndir samrunaaðilar). Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðast við viðauka í reglum nr. 684/2008.¹ Samrunaskránni fylgdu ýmis gögn um samrunann, s.s. samrunaáætlun, samningur um sameininguna, viljayfirlýsing auk frekari gagna um bæði félögin, s.s. hlutafélagavottorð samrunaaðilanna. Þá fylgdu ársreikningar allra félaganna vegna ára 2006 og 2007 þar sem er m.a. að finna upplýsingar um veltu þeirra. Segir að um sé að ræða sameiningu ofangreindra félaga með þeim hætti að Fjölhönnun, Fjarhitun og RT gangi inn í VST-RAF og að félögin verði sameinuð undir nýju nafni á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafar í Fjölhönnun, Fjarhitun og RT fá nýtt hlutafé í sameinuðu félagi, VST-RAF sem greiðslu fyrir hluti sína. Eignarhlutur hluthafa í sameinuðu félagi ráðist af eignarhlut fyrir sameiningu í hverju félagi fyrir sig og því skiptihlutfalli sem hluthafar hafi samþykkt.

II.

Samrunaaðilar eru fjórir, VST-RAF, Fjarhitun, Fjölhönnun og RT, sem allir starfrækja verkfræðistofur. Í samrunatilkynningunni kemur fram að starfsemi VST-RAF sé skipt upp í fjögur svið, byggingasvið, orkusvið, umhverfis- og samgöngusvið og iðnaðarsvið. Tilgangur VST-RAF samkvæmt samþykktum félagsins er að veita ráðgjafarþjónustu í verkfræði og skyldum greinum ásamt því að eiga og reka fasteignir og stunda lánastarfsemi tengda rekstrinum.

Um Fjarhitun segir að starfssvið Fjarhitunar sé hönnun og framkvæmdaefirlit við jarðhitavirkjanir og veitukerfi, hönnun burðarvirkja og hita- og loftræstikerfa í hús, alhliða ráðgjafarþjónusta á sviði byggingar- og vélaverkfræði auk umhverfis- og þéttbýlistækni. Tilgangur Fjarhitunar sé að annast verkfræðilega ráðgjafar- og rannsóknarþjónustu og vinna að verkfræðilegum verkefnum í þágu hvers konar mannvirkjagerðar, atvinnuframkvæmda og vísinda, svo og annar skyldur atvinnurekstur. Ennfremur rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

Um Fjölhönnun segir að starfssvið fyrirtækisins tengist helst verkefnum á sviði hönnunar samgöngumannvirkja, burðarþols- og lagnahönnunar, byggingarstjórnunar og eftirlits með framkvæmdum, hönnunar veitukerfa, hljóðvistaútreikninga og landmælinga. Tilgangur Fjölhönnunar er samkvæmt samþykktum félagsins að annast alhliða ráðgjafar- og tækniþjónustu við mannvirkjagerð og skylda starfsemi, auk þess rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa svo og lánastarfsemi.

Um RT segir að Rafagnatækni sf. hafi verið stofnuð 1961, en RT sem stofnað var 1987, hafi yfirtekið þann rekstur. RT veitir almenna verkfræðiþjónustu á sviði rafmagnsverkfræði, sjálfvirkni, mælitækni og fjarskipta, svo og hugbúnaðargerð, sérsníði og þróun rafeindatækja. Tilgangur RT er að annast tæknilega ráðgjafar- og rannsóknarþjónustu á sviði rafmagnsverkfræði og starfsemi henni tengdri og hafa milligöngu um útvegum slíkrar þjónustu svo og þróun og framleiðslu á rafeindatækjum, sjálfvirknibúnaði og tölvukerfum.

Í tilkynningunni kemur fram að þrátt fyrir að öll félögin sinni ráðgjöf á sviði verkfræði þá starfi þau að miklu leyti á mismunandi sviðum. Þannig sé Fjarhitun öflugt fyrirtæki í jarðvarma, gufuvirkjunum, hitaveitum, lögnum, loftræstingum og eftirliti. Fjölhönnun í gatnagerð, eftirliti og burðarvirkjunum og RT í hönnun stjórnkerfa og fjarskiptakerfa auk forritunar slíkra kerfa. Félögin bæti því hvert annað upp og sameinað félag muni geta veitt viðskiptavinum betri heildarþjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Um markmið samrunans segir að eftirspurn eftir verkfræðiþjónustu hafi aukist verulega bæði hér á landi og erlendis. Þá hafi umfang einstakra verkefna líka aukist mikið. Verkfræðistofur verði því að stækka og hafa fleira starfsfólk með sérhæfingu á ólíkum sviðum til að geta sinnt auknum og stærri verkefnum í samræmi við kröfur verkkaupa um gæði ráðgjafar og tíma. Samruni aðila sé í raun óhjákvæmileg afleiðing þessarar þróunar.

Jafnframt segir að samruninn muni hafa í för með sér augljós samlegðaráhrif vegna sameiningar stoðþátta reksturs, minni stjórnunarkostnaðar og samnýtingu rekstrartækja.

III.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur samruni VST-RAF, Fjarhitunar, Fjölhönnunar og RT í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni, sem slíkur, hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu.

Í máli þessu er þó rétt að líta til félagsins HRV ehf. Það félag er í eigu Mannvits og VST-RAF og felur í sér samvinnu þessara aðila á sviði stóriðjuverkefna. Eigendur HRV eru öflugir aðilar og með samruna þessum hefur átt sér stað samþjöppun á markaðnum. Í ljósi þessa kann að vera ástæða til þess að taka til skoðunar í öðru máli hvort samvinna og hagsmunatengsl sem leiða af HRV geti raskað samkeppni í skilningu 10. gr. samkeppnislaga í verkfræðipjónustu hér á landi.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna VST-RAF, Fjarhitunar, Fjölhönnunar og RT á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 1. október 2008, var ákveðið að sameina VST-Rafteikningu hf., Fjarhitun hf., Fjölhönnun ehf. og RT ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson